

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 2010 í máli nr. E-4555/2009:**

**Bræðurnir Ormsson ehf.**

*(Sigurbjörn Magnússon hrl.)*

**gegn**

**Gunnari Erni Kristjánssyni og**

**Sigurði Sigfússyni**

*(Kristinn Bjarnason hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars sl., var höfðað 6. apríl 2009 af Bræðrunum Ormson ehf., Síðumúla 9, Reykjavík, gegn Gunnari Erni Kristjánssyni, Krossalind 11, Kópavogi, og Sigurði Sigfússyni, Árlandi 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 6.040.849 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 4.799.705 krónum frá 8. október 2007 til 22. nóvember 2008, en með dráttarvöxtum af 6.040.849 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 1.933.072 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sömu laga af 1.535.906 krónum frá 8. október 2007 til 22. nóvember 2008, en með dráttarvöxtum af 1.933.072 krónum frá þeim degi til greiðsludag. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að mati dómsins.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfum stefnanda. Hvor stefndu krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

### **Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna**

Með kaupsamningi 2. október 2008 seldi Opal Seafood Investments Ltd. alla hluti í stefnanda, en kaupandi var AB 173 ehf., Lág múla 7 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri var þá stefndi Gunnar en stjórnarformaður stefndi Sigurður. Sama dag viku stefndu úr stjórn stefnanda og hættu þar störfum.

Krafa stefnanda í málinu er byggð á því að stefnandi hafi orði fyrir tjóni sem stefndu beri skaðabótaábyrgð á vegna þess að greitt hafi verið úr sjóðum stefnanda

samkvæmt ákvörðun stefndu fyrir hlutafé í Ormson Slóvakíu. Kostnaður hafi einnig verið færður vegna þess félags sem leitt hafi til tjóns fyrir stefnanda. Skaðabótakrafan er samtals að fjárhæð 6.040.849 krónur. Af hálfu stefndu er skaðabótaskyldu mótmælt svo og því að nokkurt tjón hafi orðið sem stefndu beri skaðabótaábyrgð á.

Í gögnum málsins kemur fram að greitt var af hálfu stefnanda fyrir hlutafé í Ormson Slóvakíu 4.799.705 íslenskar krónur 8. október 2007. Einnig hefur verið lagt fram skjal sem er færsla að fjárhæð 1.241.144 krónur vegna verks í vinnslu í Slóvakíu samkvæmt lokastöðu 27. október 2008. Af hálfu stefnanda er vísað til þess að stefndu hafi sjálfir keypt umrædd hlutabréf en látið stefnanda greiða fyrir þau og annan kostnað vegna þessa sem hafi verið ólöglegt og óheimilt af þeirra hálfu. Stefnandi vísar til þess að í gögnum komi ekki fram að stefnandi hafi verið kaupandi hlutfjárins og kaupin því verið stefnanda óviðkomandi. Þessu er mótmælt af hálfu stefndu en þeir vísa til þess að stefnandi hafi hvorki fært viðhlítandi rök fyrir því né lagt fram sönnunargögn um að stefndu beri óskipta bótaábyrgð á hinu meinta tjóni stefnanda.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi vísar til þess að á árinu 2007 hafi verið millifærðir fjármunir úr sjóðum stefnanda. Þetta komi fram í heimabanka og tölvubréfi 8. október það ár þegar millifærðar voru 4.799.705 krónur á slóvenska lögfræðistofu vegna stofnunar félags ins Ormson Slóvakíu. Stefnanda sé hvorki ljóst í hvaða tilgangi millifærslan átti sér stað né á hvaða heimildum hún byggðist. Stefnandi séu persónulega ábyrgir gagnvart stefnanda vegna millifærslunnar. Stefnandi mótmæli því að hann hafi sjálfur staðið að stofnun félagsins Ormson Slóvakíu. Endurskoðandi hefði farið yfir málið og hafi afdráttarlaust komið fram að félagið væri eign stefndu en ekki stefnanda. Þessu fé hafi því verið ráðstafað í þágu stefndu.

Til viðbótar framangreindri fjárhæð virtist sem stefndu hefðu látið stefnanda greiða ýmsan kostnað vegna Ormson Slóvakíu. Viðskiptareikningur nr. 114285, auðkenndur sem „verk í vinnslu í Slóvakíu“, að fjárhæð 1.241.244 krónur, hafi verið skuldfærður til samræmis í bókum stefnanda. Stefnandi hafi enga aðkomu átt að þessu félagi og því fráleitt að hann beri þennan kostnað sem hljóti að vera á ábyrgð stefndu.

Með kaupsamningi 2. október 2008 hafi stefndu selt alla hluti í stefnanda fyrir hönd Opal Seafoods Investments Ltd., AB 173 ehf. Í tengslum við þau kaup hafi stefndu gert upp kröfur samkvæmt viðskiptareikningi sínum við stefnanda. Stefnufjárhæð þessa máls hafi hins vegar ekki verið hluti af því uppgjöri, enda ekki skuldfærð á viðskiptareikning stefndu hjá stefnanda á þeim tíma, auk þess sem krafa stefnanda byggðist á almennum skaðabótareglum. Stefnandi séu persónulega ábyrgir fyrir greiðslunni sem stefnandi krefji þá um í málinu.

Framangreindri fjárhæð hafi verið ráðstafað úr sjóðum stefnanda án heimildar og í andstöðu við lög. Fjármunum verði almennt ekki ráðstafað úr sjóðum félags nema í þágu starfsemi viðkomandi félags, sem arðgreiðslum, við lækkun hlutafjár eða sem láni. Engu þessara skilyrða sé fullnægt. Því hafi verið um óheimila og ólögmeta

meðferð fjármuna að ræða.

Stefndu séu skaðabótaskyldir gagnvart stefnanda, stefndi Gunnar sem framkvæmda stjóri og stefndi Sigurður sem stjórnarformaður, samkvæmt meginreglum skaða bótaréttar, þar með talið reglum um húsbóndaábyrgð, og meginreglum félagaréttar um skyldur stjórnenda félaga samkvæmt lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Stefndu hafi stöðu sinnar vegna borið að tryggja meðferð fjármuna félagsins lögum samkvæmt. Þeirri skyldu hafi augljóslega ekki verið fullnægt og hafi það valdið stefnanda tjóni. Stefndu beri óskipta ábyrgð í samræmi við almennar skaðabótareglur. Tjón stefnanda svari til höfuðstóls þeirra fjármuna sem ráðstafað hafi verið úr sjóðum stefnanda án heimildar og í andstöðu við lög sem nemi stefnufjárhæð málsins, 4.799.705 krónur + 1.241.244 krónur, samtals 6.040.949 krónur.

Umræddum fjármunum virtist hafa verið ráðstafað í þágu fjárfestinga stefndu sjálfra. Þeir verði því aðeins lausir undan ábyrgð að þeir geti sýnt fram á að meðferð fjármunanna á þeim tíma er þeir voru í fyrirsvári fyrir stefnanda hafi byggst á fullnægjandi heimildum og verið lögum samkvæm. Þeir verði að sýna fram á hvort og með hvaða hætti félagið í Slóvakíu tengdist stefnanda. Stefndu geti ekki borið því við að engin skjallæg gögn liggja fyrir um þessa ráðstöfun úr sjóðum stefnanda, þar með talið hver hafi verið réttihafi þeirra. Hvers konar brotalamir í þessum eignum séu á ábyrgð stefndu sjálfra. Sama niðurstaða leiði af því að engar upplýsingar um Ormson Slóvakíu sé að finna í bókum stefnanda frá þeim tíma er stefndu báru sjálfir ábyrgð á bókhaldi félagsins.

Varakrafa stefnanda miðist við að tjónið sem um ræði nái aðeins til þess hluta sem stefnandi hafi greitt fyrir stefndu verði litið svo á að stefnandi hafi átt 68% hlutafjár í Ormson Slóvakíu en stefndu samtals 32%. Stefndu verði að endurgreiða stefnanda þann hluta fjárhæðarinnar sem stefnandi hafi lagt út fyrir þá. Varakrafan sé því aðeins 32% af aðalkröfunni.

Stefnandi krefjist vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af 4.799.705 krónum frá 8. október 2007 til 22. nóvember 2008, en dráttarvaxta samkvæmt 3. mgr. 5. gr. sömu laga af 6.040.949 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Varðandi síðari höfuðstólsfjárhæðina sé krafist dráttarvaxta af henni frá 22. nóvember 2008, enda þótt stefnandi eigi rétt á vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna frá ýmsum tímum fyrr á árinu 2008. Stefndu hafi fyrst krafist stefndu um greiðslu með tölvubréfi 22. október 2008 og sé dráttarvaxta krafist þegar mánuður var liðinn frá því að stefndu voru krafðir um greiðslu.

### **Málsástæður og lagarök stefndu**

Af hálfu stefndu er vísað til þess að skaðabótakrafa stefnanda eigi sér enga stoð og byggji á röngum og eða ósönnuðum fullyrðingum um málsatvik. Fjárhæðirnar sem stefnandi krefjist bóta fyrir séu greiðslur frá stefnanda til slóvensks lögmanns, Radovan Hrádek, sem hafi séð um stofnun Ormson Slóvakíu og sé útlagður kostnaður vegna félagsins og starfsemi þess. Stefndu hafi stofnað félagið 16. október 2007 og hafi átt 68% hlutafé en stefndu hvor um sig 16%. Greiðsla til Radovan Hrádek 8. október 2007, að fjárhæð 4.799.705 krónur, sé vegna stofnunar

Ormson Slóvakíu eins og handskrifað sé á skjalið. Stofnun félagsins og ráðstöfun fjármuna stefnanda til þess hafi á allan hátt verið lögmæt og innan þeirra heimilda sem stefndu hafi á þeim tíma haft sem stjórnendur. Fullyrðingum um að fjármunir þessir hafi verið greiddir í þágu stefndu persónulega sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Félagið hafi verið rekið með tapi árið 2007 og hafi stefndu talið hlutina verðlausa í lok þess árs og hlutafjárframlagið þar með tapað. Stefndu hafi ákveðið að afskrifa umrædda eign og talið að afskrift hefði verið færð í bækur stefnanda með viðeigandi gjaldfærslu. Í ljós hafi komið að þess í stað hafi afskriftin verið færð á biðreikning þar sem endurskoðanda hafi vantað gögn til staðfestingar.

Á árinu 2008 hafi rekstur Ormson Slóvakíu að mestu verið fjármagnaður af félagi í þeirra eigu, Obsidan Properties Slóvakía, m.a. með víkjandi lánum. Það félag hafi keypt alla hluti í Ormson Slóvakíu 8. september 2008, þar á meðal 68% hlut stefnanda.

Allar ákvarðanir um stofnun Ormson Slóvakíu, fjárútlát stefnanda í tengslum við félagið og ráðstöfun hlutafjáreignar hafi verið lögmæt og innan þeirra formlegu heimilda sem stefndu hefðu haft sem stjórnendur stefnanda. Ákvarðanir um greiðslu kostnaðar hafi verið lögmæt og geti á engan hátt skapað stefndu bótaskyldu gagnvart stefnanda.

Stefndu vísi til áreiðanleikakönnunar, sem kaupandi hafi látið framkvæma áður en kaupsamningur hafi verið gerður 2. október 2008, en í 9. tl. samningsins segi að áreiðanleikakönnun hafi farið fram á rekstri og efnahag stefnanda. Hún hafi bæði náð til lögfræðilegra og fjárhagslegra atriða og verið unnin á vegum kaupanda á hans kostnað. Seljandi hafi hvorki komið að þeirri könnun né séð hana. Stefndu hafi hvorki komið að áreiðanleikakönnuninni né fengið tækifæri til að tjá sig um hana hafi. Það sem stefnandi hafi eftir endurskoðanda hljóti að byggjast á misskilningi og frásögn hans í tölvupósti sé ekki í samræmi við fyrirmæli stefndu eða viðskiptin sem um ræði. Tölvupósturinn sé svar endurskoðandans við fyrirspurn þess sem gert hafi áreiðanleikakönnunina fyrir væntanlega kaupendur hlutafjár í stefnanda. Stefndu hafi ekki komið að þessu og því ekki getað komið að leiðréttingum á því sem kynni að vera rangt. Upplýsingar sem þar komi fram hafi því enga þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Samið hafi verið um að stefndu gerðu upp skuldir sínar á viðskiptareikningum sínum hjá stefnanda síðar þann dag, þ.e. eftir undirritun kaupsamningsins. Báðir stefndu hafi gert það. Með greiðslum stefndu samkvæmt uppgjörinu hafi báðir talið sig skuldlaus við stefnanda. Stefndu hafi haft upplýsingar vegna áreiðanleika könnunarinnar um hina meintu skuld, sem ekki hafi verið tilgreind á viðskiptamannareikningum stefndu, en þrátt fyrir það hafi stefnandi engan fyrirvara gert við kaupin um frekari kröfur á hendur stefndu.

Verði ekki fallist á þessar málsástæður stefndu sé byggt á því að stefnandi hafi glatað rétti til að hafa uppi kröfur á stefndu með því að ekki hafi verið gerður fyrirvari í kaupsamningnum þrátt fyrir fullyrðingar endurskoðandans.

Sýknukrafan sé byggð á því að rangt og ósannað sé að uppfyllt séu skilyrði til þess að stefndu geti borið skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna greiðslna úr

sjóðum félagsins sem bótakrafan lúti að. Þá sé vaxtakröfu stefnanda mótmælt og sérstaklega byggt á því að krafa um almenna vexti eigi sér ekki lagastoð. Varakröfu stefnanda sé mótmælt með vísan til þess að engin sönnun hafi verið færð fyrir henni.

Stefndu vísi til laga nr. 138/1994 varðandi heimildir til ráðstöfunar fjármuna stefnanda í þágu Ormsson Slóvakíu. Skilyrðum bótaskyldu samkvæmt almennu skaðabótareglunni sé ekki fullnægt, enda hvorki um saknæma né ólögmæta háttsemi að ræða. Um sýknu af vaxtakröfu sé vísað til laga nr. 38/2001. Málskostnaðarkrafan sé byggð á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála og um virðisaukaskatt sé vísað til laga nr. 50/1988 en stefndu séu ekki virðisaukaskattskyldir.

## Niðurstaða

Krafa stefnanda í málinu er byggð á því að greitt hafi verið á árinu 2007 úr sjóðum stefnanda samkvæmt ákvörðun stefndu fyrir hlutafé í Ormson Slóvakíu og kostnaður vegna þess félags, samtals að fjárhæð 6.040.849 krónur, án þess að stefnanda hafi borið nokkur skylda til þess. Stefndu hafi látið stefnanda greiða kaupverð hlutafjárins ásamt kostnaði en það hafi þeir gert í eigin þágu og hafi það verið bæði óheimilt og ólögmætt. Stefndi hafi vegna þessa orði fyrir tjóni sem stefndu beri skaðabótaábyrgð á gagnvart stefnanda. Sýknukrafa stefndu er byggð á því að stefndi hafi verið kaupandi hlutafjárins í Ormson Slóvakíu en ekki stefndu. Þeim hafi því verið heimilt að ráðstafa fjármunum stefnanda á þann hátt sem gert var og hér að framan hefur verið lýst.

Í málinu hefur verið lagt fram greiðsluskjal þar sem fram kemur að 8. október 2007 hafi stefndi greitt 4.799.705 íslenskar krónur til viðtakanda í Bratislava. Viðtakandinn er Radovan Hrádek en fram hefur komið að hann hafi sem lögmaður gengið frá stofnun hlutafélagsins Ormson Slóvakíu. Á skjalinu kemur fram sú skýring til viðtakanda greiðslunnar að hún sé vegna Ormson Slóvakíu s.r.o. Í úttekt úr viðskiptaskrá Héraðsdómstól í Bratislava, sem lögð hefur verið fram í málinu, kemur fram að Ormson Slóvakíu s.r.o. hafi verið skráð 17. nóvember 2007. Í samþykktum félagsins, sem skráðar voru í Slóvakíu, kemur fram að stofnfé sé 1.500.000 SSK. Fram kemur einnig að það hafi verið lagt fram í þessum hlutföllum af hluthöfum: Stefndanda 68%, stefnda Gunnari 16% og stefnda Sigurði 16%.

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að í ársreikningi stefnanda fyrir árið 2007 komi ekki fram að Ormson Slóvakíu sé talið meðal hlutafélaga í eigu stefnanda. Sú skýring hefur komið fram á því að reikningurinn sem um ræðir hafi fyrst verið færður sem hlutafjäreign, eins og þáverandi endurskoðandi stefnanda lýsti fyrir dómnum. Síðar hefði færslan, að beiðni stefnda Gunnars, verið tekin út af þeim lið og sett yfir á reikning sem heiti Aðrar skammtímakröfur. Í raun hafi krafan verið sett á biðreikning sem ekki hafi verið með neinu nafni. Þetta hafi ekki verið fært á viðskiptareikning stefndu. Fram kom einnig hjá endurskoðandanum í vitnisburði hans fyrir dómnum að ætlunin hafi verið að bíða eftir gögnum um að þessi eign væri töpuð en ekki hafi mátt gjaldfæra það þannig í skattskilum nema öruggt væri að hlutaféð væri tapað. Færslan hafi því endað uppi á biðreikningi og hafi átt eftir að afgreiða hana en það hafi síðan gleymst. PricewaterhouseCoopers hafi spurst

fyrir um þessa færslu vegna áreiðanleikakönnunar, en vitnið kvaðst í fljótræði hafa gefið það svar að þetta væri krafa á stefndu. Þetta sé ekki rétt og ekki í samræmi við gögn málsins enda hafi færslan aldrei verið eyrnamerkt stefndu. Kostnaður vegna verks í vinnslu í Slóvakíu hafi einnig verið settur á biðreikning og staðið þar sem birgðastaða. Þetta hafi í raun verið óafgreitt mál fyrir árið 2007, en biði afgreiðslu til næsta árs þar sem ekki hafi verið búið að ákveða hvernig það skyldi fært. Vitnið kvaðst ekkert vita um sölu á hlutfénu í Ormson Slóvakíu.

Af hálfu stefnanda er sérstaklega vísað til þess að þáverandi endurskoðandi stefnanda hafi staðfest að umrædd hlutabréfaeign hafi verið færð til stefndu á árinu 2007. Stefndu hafi gefið fyrirmæli um að hlutabréfin væru þeirra eign en ekki stefnanda. Þetta kemur fram í áður nefndu svarbréfi endurskoðandans í september 2008 við fyrirspurn PricewaterhouseCoopers um það hvenær hlutfjáreign í Ormson Slóvakíu hafi verið flutt á stefndu. Staðhæfingum, sem fram koma í þessum bréfaskiptum, er mótmælt af hálfu stefndu, þær hafa verið leiðréttar með framburði þáverandi endurskoðanda stefnanda fyrir dóminum, eins og hér að framan er lýst, og þær fá hvergi stuðning í öðrum gögnum málsins. Með vísan til þess verður að telja að ekki hafi komið fram fullnægjandi sönnun fyrir því að hlutabréfin í Ormson Slóvakíu hafi verið eign stefndu. Við úrlausn málsins verður jafnframt að líta til þess að á þeim tíma sem viðskiptin um hlutféð í stefnanda fóru fram lágu fyrir í málinu upplýsingar um færslurnar sem hér er deilt um. Engar athugasemdir komu fram af þessu tilefni af hálfu kaupenda.

Þegar þetta er virt verður að líta svo á að stefnandi hafi greitt hlutféð vegna stofnunar hlutafélagsins Ormson Slóvakíu vegna þess að hann var einn af stofnendum félagsins enda hefur því ekki verið hnekkst af hálfu stefnanda með viðhlítandi gögnum. Þá verður einnig að telja að ekki sé fram komin nægileg sönnun fyrir því að stefndu hafi átt hlutabréf í Ormson Slóvakíu sem stefnandi hafi greitt fyrir með ólögætum hætti þannig að til skaðabótaskyldu hafi stofnast af hálfu stefndu gagnvart stefnanda. Gildir það jafnt um aðalkröfu stefnanda og um varakröfuna. Með vísan til þess ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

## **D Ó M S O R Ð:**

Stefndu, Gunnar Örn Kristjánsson og Sigurður Sigfússon, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Bræðranna Ormson ehf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sigríður Ingvarsdóttir.